

Ed.

618. Frumvarp

til laga um Sildveiðifjelag Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Hver sá, er veiða vill í landhelgi sild til útflutnings, eða verka útflutnings-sild í landi eða landhelgi, skal hafa til þess sjerstakt leyfi frá ríkisstjórninni, þó með þeim undantekningum, sem lög þessi ákveða. Ríkisstjórnin ákveður árlega og auglýsir, hvæ nær umsóknir um slik leyfi skuli vera komnar í hennar hendur, og skal leyfið ávalt veitt þeim umsækjendum, sem fullnægja þeim almennu skilyrðum, sem lögum samkvæmt þarf til þess að reka atvinnu hjer á landi.

2. gr.

Allir þeir, er leyfisbrjef hafa fengið samkvæmt 1. gr., ganga í fjelag, er nefnist Sildveiðifjelag Íslands. Fjelagið kýs sjer formann og fjóra meðstjórnendur, og sje formaður búsettur í Reykjavík. Fjelagið heldur einn aðalfund árlega. Fyrsti fundur fjelagsins er stofnfundur, og setur hann nánari lög og reglur fyrir fjelagið. Á þessum fundi hafa allir leyfishafar jafnan atkvæðisrjett. Fáí frumvarp til fjelagslagauna, á fundi, atkvæði meiri hluta allra fjelagsmanna, og öðlist síðan staðfesting stjórnarráðsins, gildir það sem lög gagnvart öllum fjelagsmönnum. Leyfishafar geta falið öðrum að fara með atkvæði sitt á stofnfundi og öðrum fundum fjelagsins.

3. gr.

Í lögum fjelagsins skal ákveðið um aukafundi í fjelaginu og um kjörtíma fjelagsstjórnarmanna; þar skal og skipa fyrir um framkvæmdir fjelagsins og skrifstofuhald. Allir fjelagsmenn skulu hafa jafnan atkvæðisrjett.

4. gr.

Fjelagið getur, með samþykki ríkisstjórnarinnar, ákveðið, hve mikla sild megi veiða til útflutnings árlega. Nánari fyrirmæli um takmörkun sildveiðinnar heyra og undir samþykki ríkisstjórnarinnar.

5. gr.

Undanþegnir ákvæðum 1. gr. eru þeir islenskir ríkisborgarar, sem stunda sildveiði frá heimilum sínum á bátum, er eigi hafa meira lestarúm en 50 smálestir. En skylt er þeim að framselja sild sína Sildveiðifjelagi Íslands til söluráðstafana, ef hún er ætluð til útflutnings og reynist útflutningshæt, enda sæti hún öllum sömu kjörum um verð og annað sem sild fjelagsins.

6. gr.

Ríkisstjórnin hefir á hendi sölu og útflutning á allri síld, sem Síldveiðifjelag Íslands hefir umráð yfir samkvæmt lögum þessum og reynist útflutningshæf eða er ekki breytt í aðra vöru innanlands.

7. gr.

Ríkisstjórnin getur skipað einn mann eða fleiri til þess að sjá um sölu og útflutning síldar fyrir sína hönd, og sett með reglugerð eða reglugerðum nánari fyrirmæli um afhending síldar til útflutnings og annað, sem að þessu lýtur.

8. gr.

Síldveiðifjelag Íslands, eða stjórn þess, skal skipa af fjelagsins hendi 3 menn til þess að vera til aðstoðar og ráðuneytis ríkisstjórninni um útflutning og sölu síldarinnar. Kostnað, er af þessu leiðir, greiðir fjelagið.

9. gr.

Ríkisstjórnin afhendir stjórn Síldveiðifjelags Íslands söluverð síldar, jafnóðum og það greiðist. Þó skal draga frá söluverðinu allan þann kostnað, sem ríkisstjórnin hefir vegna útflutnings og sölu síldarinnar.

10. gr.

Síldveiðifjelag Íslands, eða stjórn þess, hefir á hendi skiftingu á söluverði milli eigenda síldarinnar, og fer um þá skiftingu eftir því, sem fyrir er mælt í lögum fjelagsins og fundarályktunum þess.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 50000 kr.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú verður svo lengi dráttur á því, að stofnað verði fjelag meðal síldareigenda, sem gert er ráð fyrir í lögum þessum, að ákvæðum laganna í því efni verður ekki við komið sumarið 1921, og hefir ríkisstjórnin þá eigi að síður á hendi sölu og útflutning á allri síld, sem útflutt verður, og fer um ráðstafanir ríkisstjórnarinnar hjer að lútandi að öðru leyti sem fyrir er mælt í 6. og 7. gr. laga þessara og þeim nánari ákvæðum, er ríkisstjórnin setur til bráðabirgða.